

Reglur um úthlutun styrks tengdum nafni Jóhannesar Nordals sem Seðlabanki Íslands veitir.

1. gr.

Tilgangur, skipulag og markmið.

Tilgangur með styrknum er að styðja verkefni einstaklinga og hópa sem miða að því að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Nefnd, hér eftir kölluð „nefndin“, úthlutar árlega styrk eða styrkjum til styrkhæfra verkefna í samræmi við reglur þessar. Heildarfjárhæð til ráðstöfunar er ákveðin árlega af Seðlabanka Íslands. Heimilt er að skipta styrkfjárhæðinni á milli fleiri en eins verkefnis.

Í nefndinni skulu sitja þrjú fulltrúar skipaðir af Seðlabanka Íslands. Einn skal tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands, einn af þeim ráðherra sem fer með málefni lista og menningar og einn af fjölskyldu Jóhannesar Nordals. Nefndin kýs formann úr röðum nefndarmanna og setur sér starfsreglur eftir því sem við á.

Nefndin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf fyrir nefndina endurgjaldslaust og veitir henni starfsaðstöðu.

2. gr.

Auglýsingar.

Seðlabankinn auglýsir í byrjun hvers árs eftir umsóknum um styrki í dagblöðum, vefmiðlum og á heimasíðu sinni eða á annan hátt svo sé aðgengilegt almenningi. Í auglýsingu skulu m.a. koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum sbr. 4. gr. og hvar sækja má um styrkinn sbr. 3. gr. Þá skal tilgreindur umsóknarfrestur og hvenær búast megi við að umsóknir verði afgreiddar.

3. gr.

Umsóknir.

Umsókn skal skilað á þar til gerðu eyðublaði í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Seðlabanka Íslands og skal hún bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- a) upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila ef einhverjir eru,
- b) tengiliðaupplýsingar þess sem annast samskipti við nefndina,
- c) lýsing á verkefni og markmiðum,
- d) upplýsingar um hvernig verkefnið falli að markmiðum styrkveitingar um að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf,
- e) tíma- og verkáætlun,
- f) fjárhagsáætlun þar sem koma fram m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, áætlaðar tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkir sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um vegna þess.

4. gr.
Mat á umsóknum.

Nefndin metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- a) að verkefnið falli að markmiðum styrkveitingar um að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf,
- b) mikilvægi fjárhæðarinnar sem sótt er um fyrir framgang verkefnisins,
- c) hvort raunhæft sé að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að,
- d) fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Við mat á umsóknum er nefndinni heimilt að leita umsagnar óháðs fagaðila telji hún ástæðu til.

5. gr.
Úthlutun.

Við ákvarðanir nefndarinnar um úthlutun styrks eða styrkja skal gæta að eftirtöldu:

- a) Ákvörðun nefndarinnar skal skráð í fundargerð þar sem málsmeðferð og rökum fyrir ákvörðuninni skal lýst.
- b) Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.
- c) Styrk/styrkjum skal úthlutað að vori.
- d) Seðlabanki Íslands skal tilkynna opinberlega um hverjir hlutu úthlutun.

6. gr.
Upplýsingagjöf.

Að verkefni loknu skal styrkþegi skila nefndinni stuttri greinargerð um árangur og niðurstöður. Seðlabankanum er heimilt að birta þær upplýsingar á heimasíðu sinni eða annars staðar.

7. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Um leið falla úr gildi reglur um úthlutun styrks tengdum nafni Jóhannesar Nordals sem Seðlabanki Íslands veitir, dags. 10. júní 2013.

Reykjavík, 15. febrúar 2022
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri